

Bolungarvík, 21. nóvember 2007  
Aðalfundur SNS settur af ÞLP 8:40  
Fundarstjóri: Svanhildur, Ritari: Yann Kolbeinsson

Fundarmenn; Ingvar, Jóhann (stjórn NV), Svanhildur, Þorleifur, Þórdís, Líneik, Erlín, Gerður, Rán, Gunnar Þór, Gunnar (NV), Aðalsteinn, Böðvar, Sveinn Kári, Róbert, Lindi, Yann, Þorsteinn, Hafdís, Skarphéðinn.

### 1. Skýrsla stjórnar.

- a. ÞLP les úr skýrslu stjórnar SNS.
  - b. Þorsteinn ræðir um samráðsfund NÍ og SNS. 6 atriði; samstarf, samstarfssamningur, hlutverk, samræming á skráningu náttúrufarsgagna, sameiginlegur aðgangur að data, auka aðgang náttúrustofa að NÍ. RAS bætir við að töluvert samstarf sé í gangi, þó falið. Boltinn hjá KHS, kanna vilja stjórnenda til að taka þátt í samstarfinu. IAS ræðir um samstarfsnefnd við UST. Vilji hjá UST um að beina verkum til náttúrustofa. Hlutverk nýrrar nefndar að fylgja þessu eftir. Þorleifur tekur í sama streng.
2. **Afgreiðsla reikninga**, Þorleifur. Tillaga um að taka inn þingin í ársreikninga, og vettvangsferðina (geirþjófsfjörður). Samþykkt að setja náttúrustofuþingin og stóru ferðina í ársreikninga.
  3. **Lagabreytingar**. Engar tillögur um lagabreytingar hafa borist.
  4. **Skipun stjórnar**. ÞLP lætur af starfi sem formaður, tillaga að RAS sé settur í stjórn. SKV leggur til að Þorsteinn verði formaður, sem er samþykkt. Ný stjórn: Þorsteinn, Róbert og Þorkell frá og með 22. nóvember 2007.
  5. **Skipun vinnuhópa**. Þorleifur og Ingvar með UST, Þorsteinn og Róbert með NÍ. Lagt til að þeir haldi áfram með þá vinnu, samþykkt. GPH nefnir vinnuhóp með HÍ, hvergi í lögum að við eigum að "starfa" með HÍ. Þorsteinn og SKV stinga upp á því að setja á fót vinnuhóp um samstarf við Fræðasetrin og hafi samband við Rögnvald um frekara samstarf. Samþykkt og ákveðið að Þorkell og Sveinn Kári sjá um það.
  6. **Kosning skoðunarmanns reikninga**. Líneik og Sigga Beta (Stykkishólmi) munu sjá um reikninga.

Hlé, 9:18-9:28.

7. **Ákvörðun um árgjöld og/eða önnur framlög**. Þorleifur tekur fyrstur til máls. Leggur til að hver stofa leggi 200.000 kr til SNS ár hvert. RAS leggst gegn því að tekið sé upp fast árgjald. SKV er ósamþykktur. Ingvar sér ekki alveg tilgang í fast gjald. Þorkell er ósamþykktur þessu gjaldi, vill að peningur sé verkefnatengdur eins og Ingvar segir. Tillagan frá Þorleifi borin upp; 5 á móti, 1 fylgir, 1 situr hjá (náttúrustofa austurlands).
8. **Umræður og ályktanir**.
  - a. Samantekt frá fundi forstöðumanna (ÞLP), 20.11.2007. Vísað í fundargerð SNS. 1) Endurnýjun samninga sveitarfélaga og UR um rekstur náttúrustofa. 2) Úttekt á náttúrustofum. 3) Árgjald SNS. 4) Samstarfssamningar við NK, Vmst og Lbhí. 5) Önnur mál. Óska eftir

sérstökum fundi við umhverfisráðherra þar sem ályktun um önnur mál (hærra grunnframlag og skilgreind verkefni sem fylgir fjárlagi) verður lögð fram.

- b. Samantekt frá fundi starfsmanna (Rán), 20.11.2007.
  - i. Lagt til að hafa fundardagskrá undir höndum fyrir fund.
  - ii. Mófuglavöktun, vilji til að halda áfram að koma því á laggirnar.
  - iii. Geirþjófsfjörður. Almenn ánægja með það og ýtt undir að birta skýrslu hið fyrsta. Halda þessu áfram.
  - iv. Fyrirlestrar. Stuðningur um áframhald.
  - v. Ragnar ræddi um hlutverk fornleifafræðinnar hjá náttúrustofum. Gott dæmi um þverfaglegt samstarf.
  - vi. Póstlisti starfsmanna, t.d. til að auglýsa námskeið. Böðvar sér um það.
  - vii. Greinalestur sem hluti af vinnu starfsmanna, hversu mikið? “Endurmenntun”
  - viii. Greinaskrif, setja upp hvetjandi kerfi.
  - ix. Merktur fatnaður.
  - x. Skylda stofur til að senda starfsmenn á skyndihjálparnámskeið. Jafnvel rötun o.fl.
  - xi. Koma af stað sjófuglavöktun, samstarf þeirra sem taka þátt. Sækja um styrk sameiginlega í slíkt.
  - xii. Vatnajökulsþjóðgarður, verndaráætlun í kringum það.
  - xiii. Umhverfisstefna hjá stofunum (flokka rusl osfrv).

Þorleifur styður aukið samstarf fornleifafræðinnar við náttúrustofurnar á landsvísu (formleg tillaga). Róbert tekur til máls. Bendir á reglur um greinaskrif á heimasíðu FÍN. Svo Þorsteinn. Taka vel í ályktanir starfsmanna. Lindi tekur til máls og leggur til að starfsmenn kjósi sér fulltrúa/nefnd til að halda utan um fundargerð fyrir og eftir funda. Líneik ræðir um símenntun, áhyggjur um að náttúrustofurnar hafi ekki endilega efni á því til lengri tíma litið. Þorsteinn hvetur til þess að rætt sé um þetta og skilgreina þetta. Ingvar tekur vel í ályktanir starfsmanna.

Hlé 10:17 – 10:27

9 mál sem ályktað er um á aðalfundi:

Þorleifur:

- Mófuglanefndin beðin um að starfa áfram.
- Geirþjófsfjarðasamstarfið gengur vel og lofar góðu og lagt er til að finna nýjan stað á norðvesturlandi fyrir sumarið 2008.
- Að fyrirlestraröðin hafi gengið mjög vel og skuli haldið áfram.
- Að náttúru- og fornleifafræði eigi vel saman og lagt til að stofurnar íhugi samstarf á þessu sviði.

Róbert:

- Stofurnar gefi sameiginlega út ritrýnt vef tímarit um náttúrufræðitengd mál, hvorki prentað né dreift. Skipuð ritstjórn. Nokkrir flokkar. Að stjórn verði falið að skoða hugmynd um vef tímarit og móti formlegar tillögur um það og meti kostnað.

#### Sveinn

- Aðalfundur SNS beini því til umhverfisráðherra að lögð verði áhersla á að fela stofnunum ákveðin verkefni og að þeim fylgi viðeigandi fjármagn. Jafnframt að grunnframlag til stofanna verði hækkað og miðað að lágmarki við 3 stöðugildi á stofu.
- Tveimur aðilum falið að taka heimasíðuna í gegn; Náttúrustofa Vestfjarða og Náttúrustofa Suðurlands vinni saman að því máli.

#### Rán

- Að skipuð sé nefnd til að sjá um starfsmannafundinn á þinginu 2008.
- Að stofurnar marki sér umhverfisstefnu.

### 9. Önnur mál. Engin.

Aðalfundi slitið 10:46.